

### Meðferðardeild

Að baki hegðunarvanda unglunga sem koma til meðferðar liggja margþættar ástæður, svo sem erfiðleikar í þroska, langvinnir erfiðleikar í skóla, áföll í lífi barns, misnotkun vímuefna eða geðraskanir eins og þunglyndi og kvíði. Miðað er við að meðferðartími sé um 8-10 vikur. Á þeim tíma fer fram greining á vanda unglings samhliða skipulögðu meðferðarstarfi og gerðar ráðstafanir og áætlanir í samráði við forsjáraðila og barnavernd.

Á meðferðardeild er rými fyrir 6 unglunga í senn. Í meðferðinni er stuðst við reglubundna dagskrá, fræðslu og atferlismótandi þrepa- og hlunnindakerfi (Token Economy). Að öðru leiti er meðferðin löguð að þörfum hvers og eins þar sem unnið er markvisst með einstaklingsbundin markmið. Greining og meðferð haldast í hendur í einstaklings- og fjölskylduviðtölum, sálfræðiathugunum og úrvinnslu upplýsinga. Unnið er með aðferðir unglings í samskiptum, líðan og viðhorf til eigin stöðu og þjargráð í fjölskyldu. Einnig er markviss þjálfun í félagsfærni, sjálfsstjórn og hæfni til að nýta og auka styrkleika (ART-þjálfun). Unnið er unnið með vímuefnavanda og tilfinningaþætti s.s kvíða og þunglyndi. Daglega er farið í útivistir, tómstundir og íþróttir. Skólanám á Stuðlum er á vegum Brúarskóla. Kennari er Kristján Sigurðsson.

Deildarstjóri er Gretar Hostert Halldórsson. gretar@studlar.is

### Eftirmeðferð

Eftirfylgd er í samvinnu við meðferðardeild. Gert er ráð fyrir að eftirfyldgin geti varað allt að 6 mánuði. Starfsmenn eftirfylddar og ráðgjafar Stuðla hafa reglulegt eftirlit með vímuefnaneyslu unglunga, líðan þeirra og þeim hjálpað að halda sig við heimferðaráætlanir. Unglingum er veittur stuðningur til að takast á við helstu verkefni sem bíða þeirra eftir útskrift og reynt að halda við þeim árangri sem náðst hefur. Lögð er áhersla á samvinnu við skóla og vinnustaði unglunga og að viðhaldsvinnu til að draga úr áhættuþáttum. Dagskrárstjóri er Sigurður Garðar Flosason. [sigurdur.flosason@studlar.is](mailto:sigurdur.flosason@studlar.is)

Vinna til að draga úr áhættuþáttum:

Aðstoð með viðhorf, líðan og að draga úr áhættuhegðun

Aðstoð við að takast á við vímuefnaneyslu (*Áhugahvetjandi Samtal, HAM, Skaðaminnkun*)

Félagsskapur - stuðla að samneyti við jákvæðan og styðjandi félagsskap

ART (Junior ART/einstaklings ART/fjölskyldu ART)

Fjölskyldumeðferð/Foreldraþjálfun

Samvinna við Barnaverndanefndir

Símastuðningur við ungling og foreldra

Viðtöl hjá sálfræðingi

Aðstoð við ástundun skóla/atvinnu (IPS-aðferðafræði)

Stuðlar 2015